



# UMB2A05 / Umbrot

Námsáætlun, haustönn 2023

**Kennari**

Ragnhildur Ragnarsdóttir

**Netfang**

[ragnhildur.ragnarsdottir@borgo.is](mailto:ragnhildur.ragnarsdottir@borgo.is)

**Lýsing: 5 eininga áfangi, 4 kennslustundir á viku (2 x 2 tímar)**

Í áfanganum verða kennd undirstöðuatriði í umbroti fyrir prent- og skjámiðla með fjölbreyttum æfingum og verkefnum. Í áfangum þjálfast nemendur í að vinna verkefni frá hugmynd til lokafrágangs til prentunar eða vistunar fyrir skjámiðla. Unnið verður með form leturs, ólíkar leturgerðir og samspil leturs, forma og lita þannig að skýr merking og heildaráhrif náist. Kennd verður letur- og textameðferð, flæði texta, stílsnið og önnur helstu tól sem að umbrotsforritið Adobe InDesign býður upp á. Lögð verður áhersla á vönduð vinnubrögð og að nemendur tileinki sér tækni forritsins. Nemendur kynnst pappírsstærðum og áhrifum mismunandi pappírs á útkomu verka.

Nemendur fá þjálfun í að rannsaka og leita sér upplýsinga svo þeir öðlist skilning á hversu mikilvægt er að skoða hvað býr að baki hverju verkefni. Nemendur skoða mismunandi leiðir til hugmyndavinnu og hvernig efla megi sköpunarkjarkinn. Nemendur fá þjálfun í gagnrýninni hugsun, ígrundun og hvaða aðferðum er beitt við kynningu verka.

Áhersla verður lögð á að skrásetja ferlið í dagbók, með skissum og orðum. Virk hlutsun verður æfð og skoðaðar verða leiðir til að gefa nýjum hugmyndum rými. Gleðin verður leiðarljós áfangans og skoðaðar verða leiðir til vellíðunar.

**Þekking, leikni, hæfni:****Þekkingarviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- formrænum þáttum ólíkra leturtegunda og áhrifum þeirra á merkingu
- röðun texta og myndrænna þátta í uppbyggingu síða
- helstu tækjum og tólum grafískra hönnuða í umbroti

**Leikniviðmið**

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- brjóta um mismunandi prent- og skjágripi
- nýta eiginleika ólíkra leturgerða í umbroti
- raða saman texta og myndrænum þáttum á skýran, merkingarbæran og áhrifaríkan þátt

**Hæfniviðmið**

Nemandi skal geta nýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- brjóta um fjölbreytt efni til prentunar og birtinga af skýrleika, áræðni og frumleika
- koma hugmyndum og skilaboðum á framfæri af innsæi, tilfinningu og þekkingu á grafískri hönnun
- vinna með texta og mikilvægi stílsniða

**Námsmat:**

Fjölbreytilegt námsmat með áherslu á símat, endurgjöf og leiðsögn. Vinna nemenda í kennslustund er metin.

1. Forrit, leturæfingar: **5%**
2. Plakat: **20%**
3. Bæklingur: **20%**
4. Eitthvað óvænt: **10%**
5. Jólakort/pappír og merkimiðar: **20%**
6. Bókverk: **25%**

**Mat verkefna. Mat á hverju verkefni fyrir sig er fjórþætt:**

**Verkferli 20%** (hugmyndavinna, skissuvinna, sýnileiki).

**Verkið sjálft 60%** (frumleiki hugmynda, skýrleiki í framsetningu, myndhugsun, leturnotkun, myndbygging og litanotkun).

**Kynning og þátttaka í umræðum 10%.**

**Vinnusemi í tímum og ástundun 10%.**

**SAMTALS: 100%**

**Verkefnin þurfa að vera unnin í tíma.** Kennari getur ekki metið verkefnið til einkunnar ef ekki er sýnileiki að vinnslu verkefnisins.

**Námsgögn:**

**Öll verkefni og skil á verkefnum fara fram á INNU nema annað sé tekið fram í verkefnalýsingu.**

Nemendur þurfa að hafa hugmynda- og skissubók, skif- og teikniáhöld.

**Helstu forrit:** InDesign og Photoshop.

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

**Skólasókn:** Nemendur skulu sækja allar kennslustundir og koma stundvíslega til kennslu. Gerð er lágmarkskrafa um 85% skólasókn í áfanganum.

**Seinkomur og fjarvistir:** Komi nemandi of seint í kennslustund er skráð seinkoma. Tvær seinkomur jafngilda einni fjarvist. Ef liðnar eru meira en 10 mínútur af kennslustund er skráð fjarvist.

**Verkefnaskil:** Mikilvægt er að skila verkefnum á réttum tíma til að fá þau metin til einkunnar. **Verkefni þurfa að vera unnin í tíma. Eftir að skilafresti er lokið er ekki tekið á móti verkefnum nema með samráði við kennara.** Ef um forföll eða veikindi eru að ræða á að tilkynna þau á Innu og eða skrifstofu.

**Skólinn tekur ekki ábyrgð á að geyma verkefnin.** Nemendur þurfa að taka vinnuöppu og verkefni með sér í lok annar.

**Farsímar:** Ekki er leyfilegt að nota farsíma uppi við í kennslustundum nema í þágu verkefnis.

**Neysla matar** í kennslustufunni er óheimil en leyfilegt er að vera með vökva í lokuðum ílátum.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
33	18. ágúst	Nýnemadagur	<i>Nýnemadagur</i>
34	21.-25. ágúst	<b>Kynning á áfanga / Undirbúningur (skipulagning OneDrive)</b>	
35	28.ágúst -1. sept.	<b>Lært á forrit / leturæfingar</b>	<b>5%</b>
36	4.-8. sept.	<b>Plakat</b>	<b>20%</b>
37	11.-15. sept.	<b>Plakat</b>	
38	18.-22. sept.	<b>Plakat / Kynning á bókagerð</b>	<i>Verkefnaskil</i>
39	25.-29. sept.	<b>Bæklingur</b>	<b>20%</b>
40	2.-6. okt.	<b>Bæklingur</b>	<i>Heilsudagur U&amp;Ú / Vörðuvika I</i>
41	9.-13. okt.	<b>Bæklingur</b>	<i>Verkefnaskil</i>
42	16.-20. okt	<b>Jólaort/pappír og merkimiðar</b>	<b>20%</b>
43	23.-25. okt.	<b>Jólaort/pappír og merkimiðar</b>	<i>Hausthlé fimmtud. og föstud.</i>
44	30. okt. - 3. nóv.	<b>Jólaort/pappír og merkimiðar</b>	<i>Verkefnaskil</i>
45	6.-10. nóv.	<b>Eitthvað óvænt</b>	<b>10%</b> <i>U&amp;Ú / Vörðuvika II.</i>
46	13.-17. nóv.	<b>Bókverk</b>	<b>25%</b>
47	20.-24. nóv.	<b>Bókverk</b>	
48	27. nóv. - 1. des.	<b>Bókverk</b>	
49	4.-8. des	<b>Bókverk</b>	<i>Verkefnaskil</i>
50	11.-13. des	Frágangur	<i>Síðasti kennsludagur</i>

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.